
KJARVALSSALUR

SIGFÚS HALLDÓRSSON



2.–24. ágúst

KJARVALSSTAÐIR



TÓNSKÁLD, MÁLARI — OG MAÐUR

Því er svo farið um suma menn, því miður alltof fáa, að þeir breyta alveg svip og tóni dags, ef maður er svo heppinn að rekast á þá á förnum vegi. Dagurinn er kannski einn af þessum erfiðu dögum þegar allt gengur manni öndvert, allt frá því að maður lyftir rakvélinni að morgni dags og uppgötvar að blaðið í henni er ryðgað og skörðótt og jafnframt það síðasta í eigu manns; þar næst má maður bisa við stíflað frárennsli í þvottahúsinu — og að því búnu sendir tilveran á mann alla smámunaþefara og leiðindapoka í heilu lögsagnarumdæmi uns maður er að niðurlotum kominn um miðjan dag. En þá ber svo við að Sigfús Halldórsson verður óvænt á vegi manns — og það er snarlega skundað á kaffihús. Og tónn dagsins er breyttur, yfirbragð hans hýrt og hlýtt. Það gerist ekki djúpúðugum viðræðum; fremur í spjalli af því tagi sem enskir nefna *sweet nonsense*, elskulegum hégóma, sem er afbragðshollur fyrir sálina.

Spjallið þarf ekki að vera langt; það sem eftir lifir dags er tilveran mennsk, náttúrleg og viðfelldin, máski skopleg í bland — en full af fegurð og yndislegum viðfangsefnum.

Þannig er að hitta Sigfús: maður fer af fundi hans glaður og betri maður. Slíkur er galdur þessa fjölhæfa listamanns — og hornsteinarnir eru fjórir: djúp listhneigð, fegurðarþrá, gladværð og góðvild.

Það eru þessir eiginleikar sem hafa gert okkur manninn Sigfús Halldórsson minnisstæðan, kæran — og allra manna velkomnastan.

Ofanritað er samdregið úr afmælispistli eftir séra Sigurð Einarsson í Holti um Sigfús Halldórsson fertugan. Og eins og sjá má er litlu við lýsingu hins snjalla klerks að bæta.

Foreldrar Sigfúsar voru Halldór Sigurðsson úrsmíðameistari frá Skarðshlíð undir Eyjafjöllum og kona hans Guðrún Eymundsdóttir frá Skjaldþingsstöðum í Vopnafirði, nafnkunn hjón í veröld sem var — Reykjavík uppúr aldamótunum.

Af Guðrúnu og Halldóri fara sögur sem einstökum mannkostamanneskjum. Séra Sigurður í Holti kvað t. d. Halldór hafa haft hjarta í rýmra lagi til þess að geta hagnast á kaupsýslu svo orð væri á gerandi.

Sú varð og raunin. Og rekur mig þá minni til atvika úr söguforða föður míns, Jóns Matthíassonar Ólafssonar kaupmanns og alþingismanns frá Haukadal í Dýrafirði. 1914 bregður Matthías búi ásamt Marzibil konu sinni og flyst til Reykjavíkur með stóran barnahóp að undanskildum föður mínum sem dvelst fyrir vestan ári lengur í skjóli frændfólks í Meðaldal. Undir haust 1915 tekur hann sér far á dekki með Gullfossi gamla suður á bóginn og segir ekki af ferðum hans fyrr en hann er kominn til Reykjavíkur hrollkaldan morgun, fölur, fár og illa haldinn eftir sjóveiki og erfiðar draumfarir á trébekk um borð í flaggskipinu, sem nokkrum árum síðar átti raunar eftir að verða starfsvettvangur hans hálfan annan áratug. Hann var staddur þarna í nepjunni neðarlega í Skólastræti, drengur á fjórtánda ári með pokaskjatta á öxl að leita að Ingólfshúsi þar sem fjölskylda hans býr — og sér þá föngulegan mann undir

hörðum hatti og með silfurbúinn staf í hendi koma niður brekkuna: hvítur flibbi, svartur klæðisfrakki; fyrirmaður á ferð.

Faðir minn ávarpar þennan mann undan lubbanum, spyr hvort hann geti sagt sér hvar Ingólfshús sé að finna, öðru nafni Lotteríishúsið, syðsta hús við Bergstaðastræti. Það hús.

Jú, það veit fyrirmaðurinn mætavel. Kunningjafólk hans búi þar meira að segja.

Faðir minn kveðst vera sonur þeirra hjóna er þar búi.

Og ég sem hélt að öll börn Matthíasar og Marzibilar væru komin suður, svarar höfðinginn gæðalega, snýst á hæli, tekur unglinginn við hönd sér, gengur með hann að húsi sínu gegnt Galtafelli þaðan sem sést til Ingólfshúss handan holts, spyr svo áður en þeir skilja:

Segðu mér vinur minn, er búið að ferma þig?

Jú, svarar unglingurinn. Ég var fermdur í Meðaldal.

Þá áttu eftir að fá fermingargjöfina frá mér. Ég heiti Halldór Sigurðsson. Komdu til mín í búðina í Ingólfshvoli á morgun með einhverju systkina þinna.

Unglingurinn undir pokasnigli kveður höfðingjann ringlaður, skilur ekki sem von var, hvernig það mætti vera að svona góðir menn væru til í heiminum.

Hann fékk sönnur á því daginn eftir í búð Halldórs Sigurðssonar að ekki væru aðeins til góðir menn í heiminum, heldur blátt áfram yndislegir. Það var þegar Halldór skenkti honum í fermingargjöf yfir búðarborðið sitt slifsisnælu úr gulli með ígreyptum ónyx.

Og enn meiri varð undrun unglingsins þegar hann nokkrum árum síðar kynntist konuefni sínu; hún bar um hálsinn festi úr gulli, fermingargjöf frá vini föður hennar, Halldóri Sigurðssyni.

Og þegar faðir minn kom til starfa á Gullfossi varð brytinn ungi prúðbúinn fyrstur manna á vegi hans; skinu þá tvær systurnælur við sólu.

Góður maður var hann faðir þinn — og ekki var hún móðir þín síðri, sagði Magnús Guðbjörnsson póstur eitt sinn við Sigfús. Sigfúsi þótti vænt um þau orð og hefur aldrei gleymt þeim. Það er mál manna að hann hafi fetað dyggilega í fótspor foreldra sinna.

Ég hef reynt með þessum línum að draga upp mynd af manninum að baki verkanna hér í salnum, jarðveginum sem hann er vaxinn uppúr og tímanum sem mótaði hann ungan, ef það gæti orðið gestum til nokkurs skilningsauka á myndefninu.

Myndir eru fyrir augun á sama hátt og hljómlist er fyrir eyrun. Ef hægt væri að túlka mynd- og tónverk í orðum, þyrfti hvorki að sýna né spila. Það undarlega hlutskipti sem heitir fagleg úttekt læt ég öðrum eftir.

Ég bið svo gesti vel að njóta — og hvern og einn með sínum hætti — þeirra verka sem skarta hér á veggjum Kjarvalssalar.

Jóhannes Helgi.

(Unnið uppúr formála að væntanlegri bók eftir undirritaðan um Sigfús Halldórsson).



NÚMER OG HEITI MYNDA

1. Gimli, Landlæknishús og Menntaskólinn.
2. Á horni Vesturgötu.
3. Í Naustinu.
4. Tryggvagata.
5. Söluturninn á Lækjartorgi.
6. Í Aðalstræti.
7. Á Lækjartorgi.
8. Við Lækjargötu.
9. Austurstræti.
10. Kirkjustræti.
11. Fríkirkjuvegur.
12. Við Lækjargötu.
13. Austurstræti.
14. Pósthússtræti.
15. Við Austurvöll.
16. Horft frá Suðurgötu.
17. Við Tjörnina.
18. Iðnó og gamli Iðnskólinn.
19. Af Austurvelli.
20. Austurstræti.
21. Í Pósthússtræti.
22. Við Austurvöll.
23. Á horni Bókhlöðustígs og Laufásvegar.
24. Í Pósthússtræti.
25. Rakstur á Austurvelli.
26. Hótel Vík.
27. Geysir og Fálkahús.
28. Alþingishús.
29. Sumardagur.
30. Úr Veltusundi.
31. Austurstræti.
32. Hús við Bergstaðastræti.
33. Við Reykjavíkurhöfn.
34. Við Óðinsgötu.
35. Óli á sínum stað.
36. Austurstræti.
37. Í gamla kirkjugarðinum.
38. Við Tjörnina.
39. Austurstræti.
40. Torfan.
41. Skólabrú.
42. Viðey og Esja.
43. Bátar í Örfirisey.
44. Í Örfirisey.
45. Esja séð frá Örfirisey.
46. Í Örfirisey.
47. Á Laugarnestanga.
48. Grjót í Örfirisey.
49. Fjaran við Örfirisey.
50. Grandinn.
51. Bátar.
52. Örfirisey og Esja.

MYNDIR Í EIGU REYKJAVÍKURBORGAR:

53. Grjótaþorp.
54. Grjótaþorp.
55. Grjótaþorp.
56. Grjótaþorp.
57. Grjótaþorp.
58. Grjótaþorp.
59. Grjótaþorp.
60. Grjótaþorp.
61. Grjótaþorp.
62. Grjótaþorp.
63. Grjótaþorp.
64. Grjótaþorp.
65. Austurstræti.
66. Við Aðalstræti.

67. Morgunn. Eigandi: Starfsmannafélag Útvegsbankans.
68. Fjaran við Laugarnes. Eigandi: Ívar Þ. Björnsson, leturgrafari.
69. Sólsetur. Eigandi: Gunnlaugur Yngvi Sigfússon.
70. Laufásvegur 47. Einkaeign.
71. Nýborg. Einkaeign.
72. Séð úr Alþýðuhúsinu. Einkaeign.
73. Nýlenda. Eigandi: Jónatan Ólafsson, pianóleikari.
74. Smiðjustígur. Eigandi: Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður.
75. Horft inn í Bröttugötu. Eigandi: Hrefna Sigfúsdóttir.
76. Úr Alþingishúsgarðinum. Eigandi: Gunnlaugur Yngvi Sigfússon.
77. Dómkirkjan. Einkaeign.
78. Af Austurvelli. Eigandi: Ágúst E. Ágústsson.
79. Séð af Lækjargötu. Eigandi: Jóhanna G. Möller.
80. Horft úr fjörunni. Einkaeign.
81. Esja. Eigandi: Landsbanki Íslands.
82. Horft úr Grófinni. Eigandi: Sigurður Þorkelsson, skipasmiður.
83. Úr Sörlaskjóli. Einkaeign.
84. Vilhjálmur frá Skálholti, skáld. Einkaeign.



PRENTSMIÐJAN ODDI HF.